



Fundargerð

23. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Miðvikudaginn 21. febrúar 2024, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 273. fundar skipulagsnefndar UTU - 2402001

Lögð fram fundargerð 273. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 197. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1; Ás 2 L165258; Ás 2 lóð I-1; Stofnun lóðar - 2401023.

Lögð er fram umsókn um stofnun lóðar umhverfis útihús í landi Áss 2 L165258. Um er að ræða 4.681,6 fm lóð.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirleggjandi umsókn og samþykkir samhljóða erindið með fyrirvara um lagfærð gögn meðal annars m.t.t. staðfangs lóðarinnar.

Mál nr. 2; Dvergabakki L165303; Dvergabakki A; Stofnun lóðar - 2401058.

Lögð er fram umsókn um stofnun 5 ha lóðar, Dvergabakki A, úr landi Dvergabakka 165303. Kvöð er um aðkomu að lóðinni um heimreið í gegnum land Röðuls L198895.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirleggjandi umsókn. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða erindið með fyrirvara um að gögn málsins séu fullnægjandi.

Mál nr. 3; Holtamannafréttur L221893; Viðgerðir á Vatnsfellsskurði; Framkvæmdaleyfi - 2401053

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna viðgerða á Vatnsfellsskurði neðan lokuvirkis. Markmið framkvæmdarinnar er að tryggja flutningsgetu skurðarins og öryggi mannvirkja.

Helstu verkþættir framkvæmdarinnar eru:

- Laust efni á skurðbökkum fjarlægð niður að klapparyfirborði á um 200 m kafla og mynduð 8-12 m berma (sylla). Áætlað magn skeringa er 35.000 m³ sem haugsett verður norðan skurðarins.

- Laust berg í skurðfláum hreinsað í burtu eins og aðstæður leyfa.

- Laust efni í skurðbotni hreinsað í burtu, m.a. áðurnefnt hrunefni.

- Steypt í rofholur sem eru 30 m eða nær lokuvirkinu, aðrar holur fylltar með grjóti.

- Steypt plata í skurðbotni sem nær um 30 m niður fyrir lokuvirkid.

- Set sem sest hefur fyrir í skurðinum hreinsað í burtu. Mest af þessu seti er í útvíkkun skurðar neðar en 200 m frá lokuvirki. Áætlað magn er 14.000 m³ sem haugsett verður norðan skurðarins.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan

svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 4; Búðarhálsstöð; Hald gangnamannahús L224163; Deiliskipulagsbreyting - 2311090. Lögð er fram óveruleg breyting á deiliskipulagi Búðarhálsstöðvar er varðar Hald gangnamannahúss. Í breytingunni felst að á uppdrætti er fellt út svæðið umhverfis skálann Hald í Ásahreppi og aðkomuveg að honum. Nýtt deiliskipulag fyrir skálann hefur tekið gildi nú þegar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 28; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 24-197 - 2401001F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 24-197.

2. Fundargerð 274. fundar skipulagsnefndar UTU - 2402027

Lögð fram fundargerð 274. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 24-198.

Mál nr. 20; Afgreiðslur Byggingarfulltrúa - 24-198 - 2402001F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 24-198.

3. Fundargerð 64. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2402003

Lögð fram fundargerð 64. fundar stjórnar Bergrisans bs. 4. dagskrárliður þarfnast afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna, sem lýtur að reglum um stoðþjónustu. Lagðar eru fram reglur Bergrisans um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Hreppsnefnd Ásarhepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fram lagðar reglur Bergrisans um stoðþjónustu við fatlað fólk.

Fundargerð að öðru leyti til kynningar.

4. Fundargerð 1. fundar viðræðunefndar samráðsnefndar Ásarhepps og Rangárþings ytra - 2402008

Lögð fram fundargerð 1. fundar viðræðunefndar samráðsnefndar Ásarhepps og Rangárþings ytra.

Til kynningar.

5. Fundargerð 19. fundar stjórnar Odda bs. - 2402013

Lögð fram fundargerð 19. fundar stjórnar Odda bs.

Til kynningar.

6. Fundargerð 78. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu - 2402002

Lögð fram fundargerð 78. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Til kynningar.

7. Fundargerð 233. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2402025

Lögð fram fundargerð 233. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Til kynningar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HGA", "KTH", "EJ", "BE", and "MW". The number "142" is written in the center.

8. Fundargerð 65. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2402004

Lögð fram fundargerð 65. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

9. Fundargerð 66. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2402005

Lögð fram fundargerð 66. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

10. Fundargerð 67. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2402006

Lögð fram fundargerð 67. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

11. Fundargerð 68. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2402007

Lögð fram fundargerð 68. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

12. Fundargerð 69. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2402009

Lögð fram fundargerð 69. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

13. Fundargerð 606. fundar stjórnar SASS - 2402015

Lögð fram fundargerð 606. fundar stjórnar SASS ásamt tölvuskeyti framkvæmdastjóra SASS, dags. 2. febrúar 2024, vegna heimavistar FSu. Í tölvuskeyti er lögð áhersla á bókun stjórnar SASS vegna málefna heimafastar Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Hreppsnefnd Ásahrepps tekur samhljóða heilshugar undir bókun stjórnar SASS, dags. 2. febrúar 2024, og skorar á mennta- og barnamálaráðherra að eyða allri óvissu vegna heimavistar við FSu sem allra fyrst. Samningur um núverandi heimavist rennur út í lok vorannar 2024 og ekki hafa verið gerðar neinar ráðstafanir til að tryggja nemendum sem þess þurfa húsnæðisúrræði fyrir næsta skólaár. Þessi staða er algerlega óviðunandi og með engum hætti boðleg að teknu tilliti til jafnréttis til náms á starfssvæði skólans. Fundargerð er til kynningar.

14. Fundargerð 942. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2402018

Lögð fram fundargerð 942. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

15. Umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II að Sumarliðabæ 2 - 2402010

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 22. janúar 2023 (Málsnúmer: 2024-004194), þar sem óskað er eftir umsögn hreppsnefndar Ásahrepps vegna umsóknar Svarthöfða-Hrossarækt ehf kt. 590516-1120 um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II H, frístundahús. Jafnframt er lögð fram teikning af umræddri fasteign, Sumarliðabær 2, fasteignanúmer 219-8108, rýmisnúmer 03-0101 og hámarksfjöldi gesta 2. Fyrir liggur skeyti byggingarfulltrúa þar sem fram kemur að byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt. Samþykkt samhljóða.

16. Umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar að Sumarliðabæ 2, milliloft - 2402011

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 22. janúar 2023 (Málsnúmer: 2024-004198), þar sem óskað er eftir umsögn hreppsnefndar Ásahrepps vegna umsóknar Svarthöfða-Hrossarækt ehf kt. 590516-1120 um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II H. Jafnframt er lögð fram teikning af umræddri fasteign, Sumarliðabær 2, fasteignanúmer 219-8108, rýmisnúmer 26-0101 og hámarksfjöldi gesta 8. Fyrir liggur skeyti byggingarfulltrúa þar sem fram kemur að byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt. Samþykkt samhljóða.

17. Árlegur stöðufundur með fulltrúum Landsvirkjunar, reksturs vatnsafls - 2402016

Lagt fram tölvuskeyti Guðmundar Finnbogasonar, hjá Landsvirkjun, dags. 7. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir að árlegur upplýsingafundur fari fram að Búrfelli. Hugmynd að fundardegi er 7. eða 8. mars n.k.

Hreppsnefnd Ásahrepps tekur vel í að hitta fulltrúa Landsvirkjunar að Búrfelli. Nefndir dagar henta ekki vel en þriðjudagurinn 12. mars væri heppilegur fyrir hreppsnefnd Ásahrepps.

18. Fyrirspurn Félags- og skólaþjónustu um mögulegt samstarf við Tröppu - 2402017

Lagt fram tölvuskeyti Halldóru Guðlaugar, teymisstjóra Félags- og skólaþjónustunnar, dags. 7. febrúar 2024, þar sem hún óskar eftir afstöðu aðildarsveitarfélaga til samstarfs við Tröppu vegna talþjálfunar barna.

Einnig lögð fram kynning á verkefninu og gjaldskrá.

Hreppsnefnd Ásahrepps vísar erindinu til stjórnar Félags- og skólaþjónustu, Odda bs og skólástjórnenda til úrvinnslu og kannað verði hvort rými sé fyrir hendi innan gildandi fjárhagsáætlunar stofnananna og skólanna. Einnig þarf að liggja fyrir hvort Félags- og skólaþjónustan ætli að standa að kostnaði við sameiginlegt umsýslugjald og hvort það rúmist innan fjárheimilda byggðasamlagsins.

19. Umferð um Vonarskarð á Holtamannafrétti - 2402019

Lögð fram greinargerð Ferðaklúbbsins 4x4 um sögulegt yfirlit ákvarðana um takmörkun aðgengis vélknúinna ökutækja um Vonarskarð. Einnig lög fram kynning með myndum sem klúbburinn hefur tekið saman í tengslum við hugmyndir um aðgengi fyrir vélknúin ökutæki að svæðinu.

Þessi gögn voru lögð fram á fundi sem fulltrúar Félags Útivistarfélaga og Ferðaklúbbsins 4x4 áttu með Ísleifi, Þrání og Valtý á skrifstofu Ásahrepps þann 29. janúar s.l.

Hreppsnefnd Ásahrepps hefur ákveðinn skilning á því vandamáli sem uppi hefur verið um umferð um Vonarskarð. Fyrir liggur að stjórn VJP mun senda sveitarfélaginu formlegt erindi varðandi þetta mál í næsta mánuði og mun hreppsnefnd taka afstöðu til þess þegar erindi hefur borist.

20. Sameining sveitarfélaga - 2402022

Umræða varð hjá hreppsnefnd Ásahrepps um sameiningu sveitarfélaga í ljósi breyttra laga. Jafnframt voru lögð fram ýmiss gögn frá síðustu vinnu við sameiningu sveitarfélaga í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu ásamt lokaskýrslu Háskóla Íslands vegna skoðanakönnunar sem gerð var meðal íbúa Ásahrepps að afloknum kosningum um sameiningu

sveitarfélaga haustið 2021.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að óska eftir að eiga fund með sveitarstjórnnum í Rangárvallasýslu til að ræða möguleika um sameiningar sveitarfélaga áður en að tekin verði ákvörðun um formlegar sameiningarviðræður. Hreppsnefnd Ásahrepps vill kynna þá möguleika sem til staðar eru á almennum íbúafundi áður en ákvörðun er tekin um formlegar viðræður.

21. Skipulagsmál; land að Ásmundarstöðum - 2402023

Lagt fram tölvuskeyti Einars Kristjánssonar fyrir hönd Marina Travel ehf, dags. 13. febrúar 2024, þar sem óskar eftir afstöðu hreppsnefndar Ásahrepps til þess að breyta umræddu landi úr landbúnaðarnotum í verslun og þjónustu. Ástæða þess er að fyrir liggur kauptilboð af þessu landi með þeim skilyrðum að uppbygging verslunar- og þjónustu verði heimuluð á þessu landi.

Hreppsnefnd Ásahrepps vísar til Aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032, að þetta land er flokkað sem L1, landbúnaðarland í fyrsta flokki, sem setur ákveðnar skorður á breytingu á landnotkun. Þegar um er að ræða land í flokki L1 er að jafnaði ekki gert ráð fyrir uppbyggingu nema í tengslum við núverandi bæjartorfur eða í jafri L1 svæða. Að mati hreppsnefndarinnar væri eðlilegt að á úrvals landbúnaðarlandi væri áfram miðað við núverandi skipan landsins. Hreppsnefnd getur því ekki fallist á að umræddu landi verði breytt úr landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu.

22. Beiðni um tengingu við ljósleiðarakerfi Ásaljóss og styrk vegna hennar - 2402026

Lagt fram tölvuskeyti Ástu Beggu Ólafsdóttur, dags. 14. janúar 2024, þar sem óskað er eftir ljósleiðaratengingu fyrir íbúðarhúsið Viðarás. Jafnframt er óskað eftir styrk frá sveitarfélaginu vegna þeirrar tengingar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að Viðarás verði tengt ljósleiðarakerfi Ásaljóss enda á umsækjandi lögheimili þar. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps samhljóða að veita styrk úr sveitarsjóði kr. 150.000 vegna tengingarinnar skv. samþykkt hreppsins um styrki vegna tenginga við ljósleiðarakerfi Ásaljóss.

23. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps fyrir tímabilið 1. - 31. janúar 2024.

Til kynningar.

24. Framboð í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga - 2402012

Lagt fram bréf Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 30. janúar 2024, þar sem auglýst er eftir framboðum í stjórn sjóðsins.

Til kynningar.

25. Kynningarbréf um móttöku rafrænna gagna á vegum héraðsskjalasafna - 2402014

Lagt fram kynningarbréf um móttöku rafrænna gagna á vegum héraðsskjalasafna og stofnun Miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu.

Til kynningar.

26. Ársskýrsla og ársreikningur KFR 2022 - 2402020

Lögð fram ársskýrsla og ársreikningur Knattspyrnufélags Rangæinga 2022.

Til kynningar.

27. Bréf mennta- og barnamálaráðuneytis, stefnumörkun tónlistarkennslu - 2402021

Lagt fram bréf mennta- og barnamálaráðuneytis, dags. 7. febrúar 2024, þar sem kynnt er áform ráðuneytisins um stefnumörkun og heildarendurskoðun á tónlistarfræðslu á öllum skólastigum. Liður í þeirri vinnu er framkvæmd úttektar á starfsemi tónlistarskóla.

Til kynningar.

28. Reglugerð um búfjárbætur; sjónarmið matvælaráðuneytis - 2402024

Lagt fram minnisblað matvælaráðuneytis þar sem ráðuneytið vill koma á framfæri sjónarmiðum þess við sveitarfélög landsins. Minnisblaðið er eingöngu til upplýsinga.

Til kynningar.

29. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018


Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar verður haldinn 20. mars 2024 á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi. Fundur hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.


Fundi slitið kl. 11:45.




Ísleifur Jónasson



Nanna Jónsdóttir




Þráinn Ingólfsson



Helga Björg Helgadóttir



Kristín Hreinsdóttir



Valtýr Valtýsson